

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla
fjr@fjr.is

Reykjavík, 28. október 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. (tollar, skilagjald o.fl.), mál í samráðsgátt nr. S-207/2025

Samorka hefur tekið til athugunar umrætt frumvarp og vill koma að athugasemdum varðandi breytingartillögu í X. kafla – *breyting á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992*.

Í 15. og 16. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 5. og 11. gr. laga um náttúruhamfaratryggingar sem veita stjórn heimild til að „takmarka eða hafna því“ að váttryggja eignir sem tilheyra atvinnustarfsemi, ef slíkt telst nauðsynlegt vegna áhættustýringar eða innheimta iðgjöld með álagi ef slík váttrygging getur haft í för með sér mikla áhættu fyrir fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Samorka bendir á að varhugavert kann að vera að leggja hér alla atvinnustarfsemi að jöfnu. Má í því sambandi vísa til 2. mgr. 5. gr. laganna þar sem sérstaklega er lögð á skylda að váttryggja tiltekin mannvirki, jafnvel þó þau séu ekki brunatryggð. Eru þar talin mannvirki eins og hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur og raforkuvirki.

Ýmis konar og reyndar flestir ómissandi innviðir samfélagsins teljast til „atvinnustarfsemi“. Þá eru sumir þeirra eins og til dæmis orkumannvirki, hitaveita og fráveita, stór og dýr mannvirki, þar sem váttrygging þeirra gæti haft áhrif á áhættustýringu náttúruhamfaratrygginga.

Samorka telur hins vegar varhugavert að stjórn stofnunarinnar hafi heimild til að takmarka eða hafna því að váttryggja slík mannvirki enda miklir almannahagsmunir sem geta legið undir að slík mannvirki séu tryggð á skilvirkan og öruggan hátt.

Samorka leggur til að framangreind heimild stjórnar til að takmarka eða hafna því að váttryggja eignir sem tilheyra atvinnustarfsemi nái ekki til eigna sem tilheyra atvinnustarfsemi sem telst til mikilvægra innviða, s.s orku, hitaveitu, vatns- og fráveitu.

Samorka vísar að öðru leyti til umsagna aðildarfyrirtækja sinna og lýsir yfir vilja til samstarfs um áframhaldandi vinnslu málsins og nauðsynlegar breytingar á lögum um náttúruhamfaratryggingu Íslands í ljósi atburða á Reykjanesskaga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur